



## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Ólafur Sólimann Helgason, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

### ***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um atvinnuauglýsingar þjónustu- og nýsköpunarsviðs***

Á fundi stafræns ráðs þann 10. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum í kjölfar auglýsingar frá því í byrjun apríl 2023 þar sem þjónustu og nýsköpunarsvið óskar eftir þróunarstjóra og tæknistjóra stafrænna lausna. Óskað er upplýsinga um hvaða þróun það eru nákvæmlega sem nýr þróunarstjóri á að stýra og hvort fyrir liggja nákvæmar verk- og tímaáætlanir varðandi þá þróun/þróanir. Hver eru verkefni tæknistjóra stafrænna lausna? Hvaða stafrænu lausnir eru það nákvæmlega sem heyra undir þennan tæknistjóra? Hvernig hefur þróunar- og tæknistýringu stafrænna lausna verið háttað áður en ákveðið var að auglýsa eftir fólki í þessar stöður? Óskað er nánari skýringa á ákveðnu atriði sem talið er upp í hlunnindalista auglýsingarinnar, að sviðið bjóði m.a. upp á “sálrænt öryggi og skapandi menningu”, hvað er nákvæmlega átt við með þessu? Að lokum er spurt hvort þau atriði sem nefnd eru hér að ofan, séu komin frá mannauðs- og starfsumhverfissviði og hvort öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar sé boðið upp á “sálrænt öryggi og skapandi menningu” eða er þetta eitthvað sem eingöngu er í boði fyrir starfsfólk þjónustu og nýsköpunarsviðs?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 11. maí 2023.

### **Svar:**

Þróunarstjóri er staðsettur í deild kerfislausna og ber ábyrgð á þróun og viðhaldi á þeim hugbúnaði sem framleiddur er fyrir þjónustur og svið Reykjavíkurborgar. Má þar nefna t.d. Mínar síður, Ráðgjafann, innritun í grunnskóla, nemendaskrá og gagnahlaðborð. Starfsfólk úr deild kerfislausna starfa í þverfaglegum teymum og ber ábyrgð á framþróun lausna. Þróunarstjóri ber ábyrgð á að teymi í þróun séu samhæfð og að fylgt sé eftir þeim skilyrðum sem sett eru varðandi faglega nálgun í hugbúnaðarþróun. Auglýst var eftir þróunarstjóra í kjölfar starfsloka fráfarandi þróunarstjóra.



Eftir úthýsingu margvíslegrar þjónustu við tækni- og kerfisrekstur breyttist hlutverk teymisstjóra í starf tæknistjóra. Munurinn liggur í því að tæknistjóri er ekki með mannaforráð. Tæknistjóri ber ábyrgð á ákveðnum þáttum í upplýsingatæknirekstri Reykjavíkurborgar, t.d. netkerfum, vefkerfum, skýjalausnum, hugbúnaðarlausnum, aðgangskerfum og afritun og öryggi. Áður var þessum þáttum sinnt af deildar- og teymisstjórum með mannaforráð. Tæknistjórar starfa með verktökum og birgjum ásamt öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar í að tryggja öryggi, framþróun og upptíma upplýsingatækniinnviða.

Sálrænt öryggi og skapandi menning er undirstaða vinnustaðar sem leggur áherslu á að fólki líði vel í vinnunni sinni. Það snýst um að fólk sé óhrætt við að taka ákvarðanir, eigi í góðu samneyti við vinnufélaga, upplifi gagnkvæma virðingu þvert á skipuritið, finni að því sé treyst af samstarfsfólki og stjórnendum og margt fleira. Í skapandi menningu felst að búa til umhverfi sem leyfir sköpunargáfu einstaklinga að njóta sín í starfi. Það þýðir að starfsfólk upplifi að það sé svigrúm til að gera mistök, taka ábyrgð á þeim mistökum og leiðrétt. Starfsfólk getur beðið um hjálp og stuðning án þess að það hafi neikvæðar afleiðingar. Enn fremur er mikilvægt að starfsfólk upplifi að það sé svigrúm til að spyrja spurninga, gagnrýna og koma með hugmyndir og skoðanir án þess að verða fyrir aðkasti eða niðurlægingu.

Vinnustaðir sem leggja áherslu á sálrænt öryggi þykja eftirsóttir og færast í aukana að umsækjendur spyrji um slíkt í viðtölum. Það eitt og sér að það sé talið til hlunninda sýnir að mikið er lagt upp úr þeim þætti í heilbrigðri vinnustaðarmenningu. Vinnustaðarmenning er að sjálfsögðu breytileg eftir starfsstöðvum. Sálrænt öryggi og skapandi menning sem hluti af hlunnindum er til að skerpa á áherslum í mannauðsmálum á starfsstaðnum þjónustu- og nýsköpunarsviði en einnig til að laða fólk að störfunum sem hefur áhuga á slíkum áherslum. Þjónustu- og nýsköpunarsvið getur ekki svarað fyrir áherslur í vinnustaðarmenningu annarra starfsstöðva Reykjavíkurborgar en sviðið fylgir að sjálfsögðu í grunninn mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Ólafur Sólímán Helgason,  
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu